

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2021
UST202105-235/Í.M.J.
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – tillaga að matsáætlun – stækkun eldisstöðvar
Benchmark Genetics Iceland við Kalmanstjörn, Reykjanesbæ**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Benchmark Genetics Iceland (hér eftir nefnt rekstraraðili), áður Stofnfiskur, áformar að stækka eldisstöð fyrirtækisins að Kalmanstjörn, Reykjanesbæ, úr 200 tonna ársframleiðslu í 600 tonna framleiðslu á laxi á ári. Rekstraraðili áætla að auka vinnslu grunnvatns úr 800 l/s í 1.500 l/s til að fullnægja framleiðslunni.

Í eldisstöðinni er lax af norskum uppruna alinn í ísöltu vatni í áframeldi stöðvarinnar. Sjógönguseiði sem hafa verið klakin út í eldisstöð rekstraraðila við Kollafjörð og alin í ferskvatni eru flutt að eldisstöðinni við Kalmanstjörn þar sem þau eru alin áfram þar til kynþroska er náð og sum valin til utaneldis. Utaneldisfiskur sem er kominn að hrygningu er geymdur í gegnumstreymiskerum þar til hrogn og svil eru tekin og honum síðan slátrað. Rekstraraðili áformar að byggja þrjá kerskála á núverandi lóð eldisstöðvarinnar sem hver um sig verður 1.852 m² að stærð og búinn 10 eldiskerum sem hvert um sig verður um 330 m³ eldisrými.

Á lóð fiskeldisstöðvarinnar eru 11 borholur til vinnslu á grunnvatni eldisins, fjórar með ísöltu vatni og sjö með sjó. Í greinargerð er tekið fram að núverandi vinnsla á grunnvatni, sem er um 800 l/s, hefur ekki fengið málsmeðferð í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt lið 10.24 í 1. viðauka laganna er vinnsla grunnvatns með 300 l/s meðalrennsli á ári eða meira matsskyld framkvæmd.

Núverandi starfsleyfi heimilar 200 tonna framleiðslu á ári en skv. ársyfirliti vegna ársins 2018 var ársframleiðsla 281 tonn sem Umhverfisstofnun skráði sem frávik í eftirliti í nóvember 2019. Þá liggur einnig fyrir að framleiðslumagn hefur verið umfram leyfilegt magn árin 2019 og 2020.

Umhverfisstofnun hefur auglýst framlengingu á starfsleyfi rekstraraðila að Kalmanstjörn og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 21. júní 2021.

Mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð tillögu að matsáætlun kemur fram að í mati á umhverfisáhrifum stækkunar eldisstöðvarinnar við Kalmanstjörn verða m.a. könnuð og metin áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: jarðmyndanir, fornleifar, fugla, lífríki fjöru og vatnafar (grunnvatn). Helstu áhrifaþættir sem nefndir eru eru byggingaframkvæmdir, fráveita og uppdæling á grunnvatni.

Þeir umhverfisþættir sem rekstraraðili telur að aukið umfang starfseminnar muni ekki hafa umtalsverð áhrif á eru eftirfarandi: íbúar og heilbrigði þeirra, land og landslag, loft og loftslag, jarðvegur, efnisleg verðmæti og næmi framkvæmdarinnar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum.

Vatnsnotkun

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að grunnvatnshlot sem framkvæmdarsvæðið tilheyrir nefnist Reykjanes og hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G. Eina skráða álagið á vatnshlotið í vatnavefsja stjórnar vatnamála er frá jarðvarmavirkjun á Svartsengi. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Frárennsli og viðtaki

Til stendur að auka vinnslu grunnvatns/jarðsjávar um 700 l/s meðalrennsli á ári. Gert er ráð fyrir að frárennsli eldisstarfseminnar verði með sama hætti, þ.e. að ómeðhöndluðu fráveituvatni verði veitt í fjöruna. Viðtakinn er straumvatnshlot nr. 104-1383-C sem heitir Þorlákshöfn að Höfnum. Vegna landfræðilegra aðstæðna gerir rekstraraðili ráð fyrir því að sækja um undanþágu frá ákvæði 2 mgr. 9. gr. reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 um að veita skólpi 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Umhverfisstofnun bendir á að áform um aukna vinnslu grunnvatns er nærri því tvöföldun á núverandi vinnslu. Stofnunin telur æskilegt að rekstraraðili athugi nánar hvort og þá hvernig þessi aukning á vinnslu grunnvatns auk framleiðsluaukningar hafi áhrif á fráveituna og athugi hvort skoða þurfi endurbætur eða aðra tilhögun frárennslis. Umhverfisstofnun setur kröfur um úrbætur á fráveitu í starfsleyfi ef hún uppfyllir ekki skilyrði.

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um tvo valkosti er varða fyrirkomulag fráveitu eldisstöðvarinnar. Aðalvalkosturinn, A, er óbreytt fyrirkomulag, þ.e. ómeðhöndlað eldisvatn rennur í fjöruna við Kalmanstjörn. Valkostur B er að veita hreinsuðu eldisvatni í fjöruna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé ítarlega um valkost B í frummatsskýrslu. Þar að auki telur stofnunin mikilvægt að fjallað sé um valkosti er varða tilhögun frárennslis.

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um 400 tonna framleiðsluaukningu. Umhverfisstofnun minnir á að starfsleyfi er gefið út fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma. Gera þarf betur grein fyrir hver hámarkslífmassi er á hverjum tíma en meta losunina út frá ársframleiðslunni þ.e 600 tonnum.

Verndarsvæði

Í kafla 3.4 í tilkynningarskýrslu er fjallað um verndarsvæði í námunda við athafnasvæðið. Hverfisvernd er á ströndinni frá Hafnabergi að Ósum. Svæðið frá Kalmanstjörn að Garðskaga er á tillögu að B-hluta náttúruinjaskrár sem er skrá yfir þær náttúruinjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Prestastígur er friðaður samkvæmt aldursákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Framkvæmdarsvæðið er staðsett á víðáttumiklu forsögulegu hrauni, um 120 km², sem kennt er við Sandfellshæð og þekur Hafnaheiðina til sjávar en samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta eldhraun sérstakrar verndar.

Fjöruvistgerðin við Kalmanstjörn er klóþangsfjara sem hefur mjög hátt verndargildi vegna mikillar tegundaauðgi, m.a. fjölbreytts fuglalífs. Skilgreind hafa verið svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Mat á því hvaða svæði falla í þennan flokk byggist á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International, en Kalmanstjörn að Garðskaga er eitt þessara mikilvægu svæða. Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands er fjallað um svæðið frá Kalmanstjörn að Garðskaga: „*Fjara og grunnsævi frá Kalmanstjörn að Garðskaga á Reykjanesskaga. Syðst eru brimasamar klettafjörur. Þá taka ósar við sem eru grunnur vogur og síðan þangfjörur með leirublettum. Fjölbreytt fuglalíf er á þessu svæði árið um kring. Á fartíma á vorin eru stórir hópar vaðfugla í fjörum og hefur sanderla náð alþjóðlegum verndarviðmiðum (1.300 fuglar) en hefur fækkað á síðari árum. Þetta svæði er einnig alþjóðlega mikilvægt fyrir straumendur og sendlinga á vetrum.*“ Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að fráveituvatn frá fiskeldinu geti haft áhrif á fuglalíf við Kalmanstjörn. Aukinn styrkur næringarefna og lífrænna efna í fráveitu vegna stækkunar getur haft áhrif á lífríki í fjöru og sjó og því vert að fjalla ítarlega um þessa þætti í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur